# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Reykjanesbæ.**

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samþykkt eftirfarandi:

*Urðarás 13, deiliskipulagsbreyting.*
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 8. janúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Urðarás 13.
Skilmálum er breytt fyrir lóðina svo heimilt er að reisa einnar hæðar hús. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnargata 12, deiliskipulagsbreyting.*
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 8. janúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hafnargötu 12.
Breytingin felst í að hluti húsa er færður frá Hafnargötu, mænisstefnu er breytt á hluta húsa og bílastæði eru færð og verða neðanjarðar.
Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Seltjörn og Sólbrekkuskógur, deiliskipulag.*
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 18. september 2018 samþykkt deiliskipulag fyrir Seltjörn og Sólbrekkuskóg.
Skipulag fyrir útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á að bæta aðgengi og skilgreina nýja stíga og áningarstaði.

*Reykjanesbæ, 14. febrúar 2019.*

**Kjartan Már Kjartansson** bæjarstjóri.

---